
Mýrdalshreppur



Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033

Holt 2

Greinargerð

12. október 2026

LANDMÓTUN

Hamraborg 12

200 Kópavogi

S: 575 530

1. Efnisyfirlit

1. Inngangur 2
2. Aðdragandi og markmið 2
3. Helstu forsendur 2
3.1 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 2
3.2 Íbúaþróun 4
3.3 Spár um fjölda ferðamanna 5
3.1 Samgöngur 5
3.2 Náttúruvá 5
3.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038 6
3.1 Fornleifaskráning 6
4. Breyting 6
5. Umhverfismat 7
6. Ferli verkefnis 8
7. Heimildaskrá 8

Myndaskrá

Mynd 1. Flokkun landbúnaðarlands á fyrirhuguðu skipulagssvæði. 3
Mynd 2. Skilmálar aðalskipulags fyrir flokka landbúnaðarlands. 4
Mynd 4. Mynd 3. Þróun íbúafjölda Mýrdalshrepps og Víkur á árunum 2010-2026. Heimild: Hagstofa Íslands. 4
Mynd 4. Heimild: Ferðamálastofa, Isavia og Smyril Line. https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna 4
Mynd 5. Heimild: https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/sp%C3%A1-um-fj%C3%B6lda-erlendra-farthega 5
Mynd 6. Appelsínugul lína sýnir afmörkun rýmingarsvæðis í Vík í Mýrdal, verði eldgos undir Mýrdalsjökli. Skipulagssvæðið er að öllu leyti utan rýmingarsvæðis. Heimild: Atviksáætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli, 2025. 5

1. Inngangur

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 var staðfest þann 5. júlí 2023. Mýrdalshreppur hefur ákveðið að gera breytingu á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð aðalskipulagsins. Lögð er fram til kynningar greinargerð þessi ásamt uppdrætti, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Viðfangsefni breytingarinnar er nýr reitur fyrir verslun og þjónustu VÞ47 Holt 2 fyrir gistiþjónustu með 20 gistirúm og 500 m^2. Svæðið er landbúnaðarland í flokki L2 og L3 skv. nýrri flokkun landbúnaðarlands Eflu verkfræðistofu fyrir Land og skóg (Efla, 2025).

2. Aðdragandi og markmið

Breyttar áherslur landeigenda kalla á breytingu á aðalskipulagi. Fjöldi ferðamanna í Mýrdalshreppi hefur fjölgað ár frá ári undanfarinn áratug og heldur ferðamönnum sem sækja sveitarfélagið heim áfram að fjölga. Stórbrotin náttúra svæðisins er ein helsta auðlind þess og skapar mikla eftirspurn eftir gistingu og afþreyingu. Sveitarfélagið leitast eftir að svara þeirri eftirspurn með fjölbreyttum gisti- og afþreyingarmöguleikum sem skapa ófá störf í sveitarfélaginu og hafa drifið áfram þá miklu íbúafjölgun sem átt hefur sér stað í hreppnum hin undanfarin ár.

3. Helstu forsendur

3.1 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033.

Verslun og þjónusta


Almenn ákvæði sem eiga við um fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði:

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang. Nánari ákvæði um vandaða hönnun bygginga, lóðaskipulag og fyrirkomulag bílastæða verði sett í deiliskipulagi með það markmið að stuðla að góðri ásýnd og greiðri aðkomu.
- Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi verslunar- og þjónustusvæða verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.
- Á gististöðum í þéttbýli með 20 eða færri gistirými skal að lágmarki vera 1 bílastæði fyrir hvert gistirými.
- Byggingar verði að hámarki 2 hæðir og mænishæð að hámarki 7 m og skulu byggðar á steyptum grunni með steyptri botnplötu, nema annað sé tekið fram.
- Íbúðir eru ekki heimilar á verslunar- og þjónustusvæðum.
- Hámarksfjöldi gistirúma á hverju verslunar- og þjónustusvæði er 400.
- Hámarksbyggingarmagn á hverju verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli er 8.000 m^2.

Almenn ákvæði fyrir ferðaþjónustu eru:

- Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi sveitarfélagsins án þess að gengið verði á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. Tekið sé mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum er varða ferðaþjónustu.
- Lögð verði áhersla á bætt aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastöðum og áframhaldandi uppbyggingu innviða til þess að fyrirbyggja umhverfisrask á viðkvæmum svæðum.
- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós fyrirtækja í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með áherslu á sátt milli íbúa, umhverfisins og ferðaþjónustunnar.

- Unnið verði að ferðamálastefnu Mýrdalshrepps, með tilliti til þarfa ferðaþjónustunnar og samfélagsins við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.
- Unnið verði markvisst með öðrum sveitarfélögum og aðilum í ferðaþjónustu að uppbyggingu í takt við áfangastaðaáætlun Kötlu jarðvangs.
- Lögð verði áhersla á vannýtt tækifæri í ferðaþjónustu s.s. með lengingu ferðamannatímabilsins og að hver ferðamaður dvelji lengur á svæðinu.
- Aðeins er heimilt að gista í hús- og ferðabílum á merktum tjaldsvæðum innan sveitarfélagsins.
- Aðilar og fyrirtæki með skráðan rekstur/lögheimili í sveitarfélaginu gangi fyrir við úthlutun lóða og komið í veg fyrir söfnun rekstrarlóða á fárra hendur.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.



Mynd 1. Flokkun landbúnaðarlands á fyrirhuguðu skipulagssvæði.

Landbúnaðarland

Svæðið sem um ræðir flokkast samkvæmt samræmdri flokkun, sem Efla framkvæmdi fyrir Land og skóg, sem landbúnaðarland í flokki L2 *gott landbúnaðarland og L3 sæmilegt landbúnaðarland*. Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Stefna aðalskipulags Mýrdalshrepps mælir fyrir um að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt sem slíkt og fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður verði stundaður í sveitarfélaginu. Þar segir að gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2) sem telst auðræktanlegt og góð beitarlönd skulu varðveitt sem slík. Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er.
Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri og stoðgreinum landbúnaðar, en einnig er heimild fyrir minni rekstri sem samræmist landbúnaði vel og gengur ekki á gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2) og hefur ekki neikvæð áhrif á landbúnaðarland né umhverfi. Leitast skal við að nýta þá innviði sem fyrir eru, svo sem vegi og veitur. Litið er jákvæðum augum að bændur skjóti styrkari stoðum undir rekstur búa sinna með því að stofna til annars konar reksturs á bújörðum sínum í bland við landbúnað, reksturs sem samræmist landbúnaði vel og gengur ekki á gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2). Í ljósi þessa skal leitast við að lágmarka skerðingu á landbúnaðarland í flokki L1 og L2 og beina uppbyggingu í jaðar svæðanna. Á landbúnaðarlandi í flokki L3 er heimilt að byggja upp landspildur til annarrar notkunar en landbúnaðar, sbr. ákvæði aðalskipulags.
Samræmd flokkun landbúnaðarlands hefur ekki verið rýnd né samþykkt af landeigendum né sveitarfélaginu. Greina má af loftmyndum að skipulagssvæðið sem um ræðir, bæjartorfan, er staðsett á hæð eða hól í landslaginu og þannig er nokkur landhalli sem gerir landið óhentugt til landbúnaðarnota. Landið er í miklum mishæðum og ekki nýtanlegt til tún- eða akuryrkju af neinu tagi. Það má því færa rök fyrir því að umrætt land ætti heima í flokki L3 eða L4. Sú staðreynd að svæðið er á hæð í landinu gerir það hins vegar ákjósanlegt fyrir fyrirhugaða starfsemi vegna nálægðar við áraura


Nr.	Heiti	Lýsing & Skilmálar	Stærð (ha)
L1	Mjög gott landbúnaðarland	Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Byggja skal í tengslum við núverndi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða. Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvellir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. Framkvæmdir í almannaþágu s.s. veitur og vegagerð er heimil. Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra.	9620
L2	Gott landbúnaðarland	Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi.	6633
L3	Sæmilegt landbúnaðarland	Annað landbúnaðarland sem síður hentar til jarðræktar vegna misjafnra landgerða. Getur þó hentað til beitar. Landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annars. Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar, þó halli o.fl. geti takmarkað ræktunarmöguleika. Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland.	7090
L4	Lélegt landbúnaðarland	Land í þessum flokki er beitarland sem er lítið byggt land sem flokkast í landslagsflokkun sem jökulsandar svo sem Mýrdalssandur, Sólheimasandur og fjörur.	14243
		Samtals:	*37586*

Mynd 2. Skilmálar aðalskipulags fyrir flokka landbúnaðarlands.


Holtsár og Hafursár og flóðahættu sem af ánum getur stafað. Fyrirhuguð starfsemi á nýju verslunar- og þjónustusvæði er ekki af þeirri stærðargráðu að áhrifa sé að vænta á aðlæg landbúnaðarsvæði, né eru áformin til þess falin að girða fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni.

3.2 Íbúaþróun

Þann 1. janúar 2026 voru íbúar Mýrdalshrepps 1004, og hafði þá fjölgað um 39 íbúa frá árinu áður og um helming frá árinu 2016, þegar þeir voru 513. Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúaþróun í hreppnum sýna að íbúum hefur fjölgað um tæplega 120% á s.l. 15 árum, úr 459 árið 2011 í 1004 árið 2026. Í gögnum Hagstofu Íslands má einnig sjá að árið 1991 voru íbúar Víkur nærri 600 talsins sem var metfjöldi á þeim tíma. Frá 1991 til ársins 2012 fækkaði íbúum Mýrdalshrepps jafnt og þétt eins og víðast hvar á landsbyggðinni á þeim tíma. Árið 2012 snerist þróunin hins vegar við og fór íbúum sveitarfélgsins að fjölga mjög hratt í tengslum við vöxt í ferðaþjónustu. Horfur eru á frekari fjölgun á næstu árum, en Vík og fleiri viðkomustaðir í sveitarfélaginu er vinsælir meðal ferðamanna.




Mynd 4. Mynd 3. Þróun íbúafjölda Mýrdalshrepps og Víkur á árunum 2010-2026. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4. Heimild: Ferðamálastofa, Isavia og Smyril Line. https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna

3.3 Spár um fjölda ferðamanna

Hagræn spá Ferðamálastofu gerir ráð fyrir tæplega 2,5 milljónum erlendra ferðamanna á árinu 2026 og áframhaldandi fjölgun til ársins 2030.



Mynd 5. Heimild: https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/sp%C3%A1-um-fj%C3%B6lda-erlendra-farthega

3.1 Samgöngur

Fyrirhugað skipulagssvæði er staðsett um 4 km leið norður af hringvegi nr. 1 og er þannig vel tengt og aðgengilegt. Fara þarf yfir tvær einbreiðar brýr og ganga þarf úr skugga um ástand brúanna við deiliskipulagningu svæðisins og tryggja örugga aðkomu viðbragðsaðila, áður en starfsleyfi verður veitt.

3.2 Náttúruvá

Árið 2025 kom út atviksáætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli á vegum lögreglunnar á Suðurlandi og almannavarnanefnda Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (Lögreglan á Suðurlandi og Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu, 2025). Þar er m.a. að finna rýmingaráætlun fyrir væntanleg flóðasvæði og yfirlit yfir innri og ytri lokanir. Skipulagssvæðið austan rýmingarsvæðis við Sólheimabæi vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli og flóðs af þess völdum, en skipulagssvæðið gæti orðið fyrir áhrifum af vegalokunum.



Mynd 6. Mynd úr atviksálætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli, þar sem framrás hlaups og helstu hlaupaleiðir eru kortlagðar. Skipulagssvæðið er ekki innan áhrifa svæðis hlaups. Engu að síður er möguleg flóðahætta á skipulagssvæðinu þar sem Holt 2 liggur nærri áraurum bæði Holtsár og Hafursár. Heimild: Atviksáætlun vegna eldgoss undir Mýrdalsjökli, 2025.

Holt 2 liggur nærri áraurum Holtsár og Hafursár og huga þarf að flóðahættu á svæðinu. Eldri byggð á svæðinu er öll ofan á áberandi holti í landsslaginu og því utan ágangssvæðis ánna. Búast má við að árnar haldi báðar áfram að hækka aurana og bera undir sig í myndun aurkeilu á komandi áratugum. Staðsetja þarf byggingarreiti með tilliti til þessa og æskilegt að staðsetja þá eins hátt í landinu og mögulegt er til að lágmarka tjónnæmi samfélagsins vegna flóða. Slíkt myndi einnig minnka hættu á svæðinu komi til ólíklegra en þó mögulegra jökulhlaupa vegna eldgosa undir suðurhlíðum Mýrdalsjökuls.

3.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Breytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2024-2038, t.d. markmið um velsæld samfélags og samkeppnishæft atvinnulíf. Áætlunin varðar landnotkun í dreifbýli, þar sem byggingarheimildir á landbúnaðarlandi eru dregnar saman. Hluti af aðgerðaáætlun Landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028 er skipulag í dreifbýli (nr. 14) þar sem markmiðið er að stuðla að sjálfbærri landnotkun í dreifbýli.

3.1 Fornleifaskráning

Fornleifar hafa ekki verið skráðar og er mikilvægt að fornleifaskráning fari fram við deiliskipulagsgerð á svæðinu. Minjar sjást á loftmynd af svæðinu.

4. Breyting

Breytingin fjallar um eftirfarandi þætti:

Verslunar- og þjónustusvæði VÞ47.

Nýju verslunar- og þjónustusvæði VÞ47 Holt 2 verður bætt inn á aðalskipulag. Á svæðinu verður heimild fyrir 20 gistirúmum og 500 m^2 byggingarmagni. Aðkoma að svæðinu er um 4 km veg sem liggur frá hringvegi nr. 1.

Nr.	Heiti	Lýsing & Skilmálar	Fjöldi gistirúma	Stærð (ha)
Dreifbýli				
VÞ47	Holt 2	Gisti- og ferðaþjónusta. Forðast skal að skerða gott landbúnaðarland í flokki L2 eins og kostur er og beina framvæmdum á önnur svæði, eða að öðrum kosti í jaðar L2 þannig að samfella í góðu landbúnaðarlandi spillist ekki. Í deiliskipulagi skulu settir skilmálar er lúta að því að nýjar byggingar samræmist ásýnd svæðisins og falli vel að umhverfi sínu. Gerð er krafa um kerfisbundna söfnun skólps í samræmi við 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna í samræmi við umfang starfsleyfisskyldrar starfsemi. Sorphirða, merkingar og vegvísar verði útfærð þannig í deiliskipulagi að eigendur nálægra lóða verði ekki fyrir óþægindum af völdum aukinna umsvifa á svæðinu. Fullnægjandi aðkoma fyrir viðbragðsaðila og aðgangur að nægilegu slökkvivatni verði tryggð í deiliskipulagi. Hugað verði sérstaklega að burðarþoli aðkomuvegar og brúa sem fara þarf yfir. Þar sem Holt 2 liggur nærri áraurum Holtsár og Hafursár skal huga vel að staðsetningu byggingarreita með tilliti til flóðahættu við gerð deiliskipulags og þeir staðsettir eins hátt í landinu og mögulegt er. Hámarks byggingarmagn 500 m^2.	20	2,5
		Samtals	***3743***	***110,6***

5. Umhverfismat

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru metin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Áhrifaþættir sem metnir verða eru Samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, landslag og ásýnd og náttúruvá.

Áhrifa-þáttur	***Nýtt verslunar- og þjónustusvæði VÞ47 Holt 2***	**Núllkostur** **Ekkert nýtt verslunar- og þjónustusvæði**
Samfélag og efnahagur	**Áhrif +** Með nýju verslunar- og þjónustusvæði er stutt við atvinnurekstur á svæðinu, með auknum uppbyggingarmöguleikum og ferðaþjónusta á svæðinu er styrkt enn frekar. Ferðamönnum á svæðinu heldur áfram að fjölga og eftirspurn eftir fjölbreyttri gistiþjónustu á svæðinu er mikil. Breytingin er liður í að svara þeirri eftirspurn. Breytingin mun hafa í för með sér aukið álag á samgönguinnviði á svæðinu og kallar á breytingu á flokkun aðkomuvegar og mögulega styrkingu vegar og/eða brúa. Umfang fyrirhugaðrar starfsemi er þó ekki slíkt að mikilla áhrifa sé að vænta á umferðarþunga á svæðinu. Merkingar og vegvísar skulu útfærð þannig í deiliskipulagi að eigendur nálægra lóða verði ekki fyrir óþægindum af völdum aukinna umsvifa á svæðinu. Þessi uppbygging verður nærsamfélaginu í til hagsbóta.	**Áhrif -** Möguleikar til atvinnusköpunar á svæðinu glatast. Eftirspurn eftir gistingu á svæðinu er mikil og leitar hún annað ef henni er ekki svarað. Ekki verður af umbótum á samgönguinnviðum.
Náttúrufar og dýralíf	**Áhrif 0** Um hóflega uppbyggingu er að ræða og skv. skilmálum skal skerðingu á góðu landbúnaðarlandi í flokki L2 haldið í lágmarki og forðast að rjúfa samfellu í því. Skipulagssvæðið er ekki stórt og sá hluti þess sem nýtanlegur er til bygginga er í miklum mishæðum og ekki nýtanlegur til túna eða akuryrkju af neinu tagi. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki af þeirri stærðargráðu að verulegra áhrifa á náttúrufar og dýralíf sé að vænta.	**Áhrif 0/+** Engin eða óveruleg áhrif. Landbúnaðarland í flokki L2 skerðist ekki.
Náttúru- og menningar-minjar	**Áhrif 0** Engin eða óveruleg áhrif. Skylt er að skrá fornleifar áður en deiliskipulag fyrir svæðið tekur gildi.	**Áhrif 0** Engin eða óveruleg áhrif.
Landslag og ásýnd	**Áhrif 0** Kveðið er á um að í deiliskipulagi skuli settir skilmálar er lúta að því að nýjar byggingar samræmist ásýnd svæðisins og falli vel að umhverfi sínu. Breytingin mun óhjákvæmilega hafa áhrif á ásýnd svæðisins, en um hóflega uppbyggingu er að ræða (<500 m^2) og áhrifin verða bundin við bæjartorfuna.	**Áhrif 0** Engin eða óveruleg áhrif.
Náttúruvá	**Áhrif 0/-** Þekkt náttúruvá er til staðar á svæðinu. Gerð er krafa um staðbundið flóðahættumat í deiliskipulagi. Einnig er bent á að æskilegt sé að huga vel að staðsetningu byggingarreita í þessu tilliti við gerð deiliskipulags og þeir staðsettir eins hátt í landinu og mögulegt er.	**Áhrif 0** Engin eða óveruleg áhrif.

6. Ferli verkefnis

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

1. Lýsing aðalskipulagsbreytingar afgreidd af skipulags- og umhverfisráði Mýrdalshrepps og samþykkt í sveitastjórn. Lýsing er send til umsagnar Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila og kynnt almenningi og hagsmunaaðilum: ágúst 2025.
2. Tillaga kynnt skipulags- og umhverfisráði og sveitastjórn. Tillaga kynnt íbúum fyrir samþykkt til auglýsingar: október 2026.
3. Tillaga samþykkt í skipulags- og umhverfisráði og sveitastjórn. Lögformlegt auglýsingaferli og samráð: nóvember 2026.
4. Staðfesting aðalskipulags: Janúar 2026.

Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru

- Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Ferðamálastofa
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar á skipulagssvæðinu

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni tillögu verður hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.

7. Heimildaskrá

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033, greinargerð. Mýrdalshreppur og Landmótun

Flokkun ræktarlands. Efla verkfræðistofa og Land og skógur, 2025. Sótt 30. 12.2025 á:https://storymaps.arcgis.com/stories/bbfaf9c0af07469c851606b34e31689e

Hagstofa Íslands. Yfirlit yfir sveitarfélög og byggðakjarna. Sótt 30.12.2025 á: https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.